

Föstudaginn 2. febrúar 1979.

Nr. 117/1978. **Bílaleigan Miðborg h/f**
 gegn
dagblaðinu Tímanum.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bílaleigan Miðborg h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 5.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, dagblaðinu Tímanum, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 10.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1979.

Nr. 140/1976. **Fjármálaráðherra og ríkissaksóknari**
f. h. ríkissjóðs
 (Benedikt Blöndal hrl.)
 gegn
Einari Ólafssyni og
gagnsök
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Handtaka. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Sigurður M. Helgason borgarfégeti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júlí 1976, að fengnu leyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 hinn

7. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Meðal gagna þessara er bréf ríkissaksóknara 18. október 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík, þar sem krafist er rannsóknar fyrir dómi á „uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum“ 28. júlí 1974 og aðgerðum lögreglu af því efni. Í svarbréfi sakadóms Reykjavíkur 4. desember 1974 er þess óskað, að ríkissaksóknari geri grein fyrir því, að hverju rannsóknin skuli beinast, „þ. e. ólöglegri handtöku eða ólöglegu atferli hinna handteknu“. Í bréfi ríkissaksóknara 11. desember 1974 til yfirsakadómarans í Reykjavík er þess krafist, að rannsókuð verði ætluð brot hinna handteknu og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Með bréfi 16. júlí 1976 til sakadóms Reykjavíkur ítrekaði ríkissaksóknari kröfu sína um dómsrannsókn, er hefja skyldi tafarlaust. Enn hefur verið lagt fram endurrit af rannsókn, sem fram fór í sakadómi Reykjavíkur dagana 26. júlí til 12. ágúst 1976. Þá komu fyrir dóm Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlöggregluþjónn, sem tók skýrslur af hinum handteknu mönnum í Reykjavík hinn 28. júlí 1974, gagnáfrýjandi og 12 menn aðrir, sem handteknir höfðu verið á Þingvöllum þann dag og fluttir til Reykjavíkur. Endurrit af dómsrannsókn þessari sendi sakadómur Reykjavíkur ríkissaksóknara með bréfi 29. desember 1978.

I.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta í héraði með stefnu 27. janúar 1975 með heimild í 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Á

þeim tíma var eigi ljóst, hvort rannsókn væri hætt án ákæru á hendur gagnáfrýjanda, sbr. 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974. Þess er hins vegar að gæta, að sakadómsrannsókn hófst eigi fyrr en 26. júlí 1976, og henni hefur ekki verið haldið áfram eftir 12. ágúst s. á. Enn fremur kom ekki fram af hálfu ríkissaksóknara við munnlegan flutning máls hér fyrir dómi, þrátt fyrir brýnt tilefni, hvort hann mundi krefjast þess, að rannsókn yrði haldið áfram eða ákæra gefin út á hendur gagnáfrýjanda. Þykir því gagnáfrýjandi, eins og nú er komið, eiga rétt á að fá dóm um þá bótakröfu, sem hann hefur uppi í máli þessu.

II.

Borðum þeim, sem gagnáfrýjandi ásamt félögum sínum kom fyrir á barmi Almannagjár, er lýst í héraðsdómi. Voru þeir til þess fallnir að vekja ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum 28. júlí 1974, og leiða til röskunar á allsherjarreglu. Fallast verður á, að lögreglumönnum hafi, eins og hér stóð sérstaklega á, verið rétt að hlutast til um, að framangreindir borðar væru teknir niður, sbr. 34. gr. laga nr. 74/1974, og eftir atvikum beita lögreglu aðgerðum í því skyni, með þeim hætti, sem gögn máls bera með sér, að gripið hafi verið til. Vegna aðstæðna á vettvangi var lögreglumönnum og rétt að færa gagnáfrýjanda til frumskýrslutöku. Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdómara, að sú óbrotna skýrslutaka, sem hér var þörf á, hafi eigi réttlætt, að gagnáfrýjandi var færður til Reykjavíkur og honum haldið þar fönngnum á lögreglustöð þann tíma, sem í héraðsdómi greinir. Á gagnáfrýjandi því rétt til nokkurra bóta af þessum sökum samkv. 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um bætur til gagnáfrýjanda úr hendi aðaláfrýjanda, en upphafstíma vaxta hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, þar með talin mállflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, 80.000 krónur.

III.

Í máli þessu voru í héraði lögð fram ýmis skjöl, sem eigi verður talið, að varði úrlausn máls þessa. Þá hefur héraðsdómari hagað skýrslutökum sínum í málinu um margt meira að hætti opinberra mála en einkamála, og varða skýrslur oft atriði, sem eigi skipta máli.

Málabúnaður þessi veldur örðugleikum við könnun sakargagna og mat á þeim og brýtur m. a. í bága við ákvæði 114. gr. laga nr. 85/1936. Þrátt fyrir þessa annmarka þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóm og málsmeðferð.

D ó m s o r ð :

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um bætur til gagn-áfrýjanda, Einars Ólafssonar, úr hendi aðaláfrýjanda, fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs, er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningu- og talsmanns gagn-áfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur I. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda. Enn fremur fellst ég á athugasemdir þeirra í III. kafla dómsatkvæðisins um misfellur á málalíbúnaði og málsmeðferð í héraði.

II.

Í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur, dags. 11. desember 1974, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, er þess krafist, „að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lög-

um um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árneshús nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla.“ Verður ekki séð, að ákærvald hafi haft uppi sakargiftir á hendur gagnáfrýjanda um, að háttsemi sú, sem leiddi til handtöku hans 28. júlí 1974, varðaði hann refsíabyrgð eftir öðrum ákvæðum laga en greind eru í nefndu bréfi.

Borðum þeim, sem gagnáfrýjandi kom fyrir ásamt félögum sínum á barmi Almannagjár, er lýst í héraðsdómi. Gátu þeir vakið ólgu og óróa meðal þess mikla mannfjölda, sem var á Þingvöllum 28. júlí 1974. Kunni þá svo að fara, að af hlytist röskun á allsherjarreglu og truflun á fundi Alþingis, er þá stóð yfir. Var lögreglumönnum því rétt, eins og á stóð, að mæla fyrir um, að gagnáfrýjandi og félagar hans tækju borðana niður og að fólk þetta dreifði sér, svo og að beita lögregluvaldi, ef þeim fyrir mælum var ekki sinnt. Aðeins tveir þeirra lögreglumanna, er á vettvang komu, hafa gefið skýrslu í málinu, þeir Jón Pétursson aðstoðarvarðstjóri og Magnús Einarsson aðalvarðstjóri. Hefur hinn fyrrnefndi fullyrt, að hann hafi gefið gagnáfrýjanda og félögum hans fyrir mæli um að leggja frá sér borðana, áður en hann hófst handa um að taka þá af fólkinu með valdi. Magnús Einarsson, er kom á vettvang nokkru á eftir Jóni, hvorki heyrði þá skipun né gaf sjálfur fyrir mæli um þetta að eigin sögn. Gagnáfrýjandi og félagar hans hafa synjað fyrir, að framan greind skipun hafi verið gefin. Eins og sönnunargögnum er háttað, verður ekki talið nægilega sannað, að svo hafi verið gert. Að svo vöxnu máli verður að líta svo á, að lögreglumönnum hafi ekki verið rétt að handtaka gagnáfrýjanda svo sem þeir gerðu og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt þessu og með heimild í 151. gr. laga nr. 74/1974 þykir því mega taka til greina fébótakröfu gagnáfrýjanda með vöxtum, svo sem krafist er, en upphafstíma vaxtakröfunnar hefur ekki verið sérstaklega andmælt.

Ég tel, eins og meiri hluti dómenda, að ekki beri að dæma aðaláfrýjanda ríkissjóð til greiðslu málskostnaðar, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154.

gr. laga nr. 74/1974. Enn fremur fellst ég á úrlausn þeirra um gjafsóknarlaun talsmanns gagnáfrýjanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, er ég samþykktur dómsorðinu að öðru leyti en því, að ég tel, að fjárhæð sú, sem aðaláfrýjandi er dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda, ætti að vera 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 23. mars sl., hefur Einar Ólafsson, Bústaðavegi 51, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, framlagðri í dómi þann 6. febrúar 1975, á hendur fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 50.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefndu er sótt þing í málinu og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Sáttaumleitanir hafa engan árangur borið.

Þann 28. júlí 1974 var haldin þjóðhátíð á Þingvöllum við Öxará. Hátíðin var haldin til þess að minnst 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar.

Hátíðahöld í tilefni 11 alda búsetu í landinu höfðu verið í undirbúningi langa hríð. Alþingi ákvað á árinu 1965, að þessa merkisárs í sögu þjóðarinnar skyldi minnst á viðeigandi hátt, og kaus sjö manna nefnd samkvæmt tilnefningu allra stjórnmalaflokka til að sjá um undirbúning og framkvæmd málsins. Samkvæmt endanlegum tillögum nefndarinnar voru margs konar hátíðahöld ákveðin af þessu tilefni sumarið 1974, þ. á m. héraðshátíðir um land allt. Þá var ákveðið, að þjóðhátíð skyldi vera á Þingvöllum við Öxará 28. júlí 1974.

Í fréttatilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. í Reykjavík 11. maí 1973, segir: „Ríkisstjórnin hefur að höfðu samráði við þingflokkan ákveðið að fela þjóðhátíðarnefnd að vinna að og gera tillögur um eins dags hátíðahöld á Þingvöllum sumarið 1974“. Indriði G. Þorsteinsson, sem var framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar, lýsti því fyrir dómi, að nefndin hafi haft samþykki Þingvallanefndar til hátíðahaldanna á Þingvöllum þann 28. júlí 1974.

Hafi Þingvallanefnd tilnefnt tvo menn til að vera þjóðhátíðarnefnd til ráðuneytis vegna hugsanlegra landskemmda á Þingvöllum, en að öðru leyti hafi nefndin verið alveg frjáls að því að undirbúa Þingvelli fyrir hátíðahöldin. Samkvæmt lögum nr. 59/1928 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. Í 2. gr. laganna er mælt fyrir um mörk hins friðhelga lands. Í 4. gr. laganna segir, að hið friðlýsta land skuli vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Í 5. gr. segir, að Þingvallanefnd, skipuð þremur alþingismönnum, hafi fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem tilgreindar séu í 2. gr. laganna.

Þjóðhátíðarnefnd samdi sérstaka dagskrá, og skyldi hún standa frá kl. 1.30 til 7.30 um kvöldið. Hátíð þessi fór fram á svonefndum Efri-Völlum. Fyrir hádegi þennan sama dag hélt Alþingi sérstakan hátíðafund að Lögbergi.

Þann 5. júní 1974 skrifar dóms- og kirkjumálaráðuneytið lögreglustjóranum í Reykjavík bréf. Segir í því bréfi: „Ráðuneytið felur yður, hr. lögreglustjóri, hér með að skipuleggja löggæslu á fyrirhugaðri þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí n.k. svo og að láta í té lögreglulið, er lúti stjórn yðar, til að annast þá löggæslu. Tekur þetta jafnframt til löggæslu á vegum til og frá Þingvöllum í sambandi við þjóðhátíðina.

Um alla framkvæmd þessa ber yður að hafa náð samráð við viðkomandi lögreglustjóra“.

Indriði G. Þorsteinsson hefur fyrir dómi lýst því, að sýslumaður í Árnessýslu hafi heimilað þjóðhátíðarnefnd að halda hátíðina þarna á þessum tíma á Þingvöllum. Hann hefur í réttinum lesið svohljóðandi yfirlýsingu frá sýslumanninum í Árnessýslu, dags. 4. júlí 1974. Þar stendur: „Að gefnu tilefni vegna fyrirspurnar frá ýmsum aðilum skal tekið fram, að sölustarfsemi á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí n.k. er óheimil án leyfis, og slík leyfi verða ekki veitt nema með samþykki þjóðhátíðarnefndar 1974.“ Framkvæmdastjórinn hefur gefið þá yfirlýsingu fyrir dómi, að þjóðhátíðarnefnd hafi gefið leyfi til veitingahalds og allra hluta, er fóru fram á þjóðhátíð, þar sem þar hafi ekkert mátt fram fara nema með þeirra leyfi.

Þá hefur framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar skýrt svo frá fyrir dómi, að óskir nefndarinnar til lögreglustjóra varðandi löggæslu á staðnum hefðu fyrst og fremst verið þær, að reynt yrði að hafa hemil á hlutum, þannig að ekki væri um ölvun að ræða,

ölvuðu fólki væri vikið burtu af svæðinu og ekkert færi þar fram, meðan dagskrá stæði, annað en það, er henni kæmi við. Hann var að því spurður, hvort það hefði heyrst fyrirfram, að „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista“, ætluðu að hafa í frammi einhverjar aðgerðir á þjóðhátíðinni. Hann skýrði svo frá, að daginn áður eða kvöldið fyrir hátíðina hefði það frést, að til einhverra slíkra hluta gæti komið. Enginn hafi þó vitað, í hvaða mæli það yrði. Enda þótt hann hafi haft allmikið að gera, hefði hann ekið til Reykjavíkur og haft samband við einn ráðherrann í ríkisstjórninni, Magnús Kjartansson, og beðið hann að reyna að koma í veg fyrir þetta, þar sem það samrýmdist ekki hátíðahaldinu. Ráðherrann hafi sagst skyldu reyna það, en ekki geta treyst á, að hann gæti komið í veg fyrir þetta.

Þá sagði framkvæmdastjórinn, að hann hefði rætt málið við lögregluyfirvöld, áður en hann fór til Reykjavíkur. Um það hefði verið rætt, að á meðan á hátíðinni stæði, mundu slíkar aðgerðir ekki samrýmast hátíðahaldinu.

Kl. 1115 sunnudaginn 28. júlí 1974, á meðan yfir stóð fundur Alþingis, var stefnandi handtekinn á efri brún Almannagjár. Var hann þar ásamt félögum sínum með tvo borða. Á annan borðann var letrað: „Ísland úr Nato“, en hinn: „Herinn burt“. Á mjög svipuðum tíma barst lögreglunni vitneskja um, að ungmenni væru að dreifa áróðursbréfum og merkjum á meðal hátíðagesta. Ungmenni þessi voru á og við göngubrú yfir Öxará, sem sérstaklega hafði verið gerð í tilefni hátíðahaldanna. Lögreglan handtók nokkur ungmenni og lagði hald á bréfin og merkin, sem þau höfðu meðferðis. Dreifibréfið var undirritað „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista“, og var það samkvæmt upphafi sínu sérstaklega útbúið í tilefni hátíðarinnar á Þingvöllum. Á merkinu stóð hins vegar: „Herinn burt“.

Kl. 1610 þennan sama dag veittu lögreglumenn því eftirtekt, að gulur borði, sem á stóð: „Ísland úr Nato“, hafði verið strengdur á milli fólks á syðri barmi Peningagjár. Þegar þetta var, stóð hátíðadagskrá yfir, og var verið að leika þjóðsöng Bandaríkjanna á hátíðasvæðinu, en að honum loknum átti fulltrúi Bandaríkjanna að flytja ávarp sitt.

Í blaðinu Neista, sem útgefið er af „Fylkingunni, baráttusamtökum sósíalista“, segir í grein, sem birtist eftir þjóðhátíð: „Undir ávarpið sem dreift var á Þingvöllum skrifaði Fylkingin ein, en í aðgerðunum tóku þátt bæði Fylkingarfélagar og aðrir. En skömmu fyrir þjóðhátíðina var reynt að ná saman hópi herstöðva-

andstæðinga til að ræða hugsanlegar aðgerðir, og var m. a. reynt að kalla saman framkvæmdanefnd Samtaka herstöðvaandstæðinga. Það tókst þó ekki. Meira líf er ekki í þeim samtökum. Flestir þeirra, sem talað var við, töldu að eitthvað þyrfti að gera. Þeir voru þó færri sem vildu fórna tíma sínum til að gera eitthvað. Kannað var hvort Alþýðubandalagið vildi taka þátt í hugsanlegum aðgerðum, en það stóð þá í stjórnarviðræðnamakki og var ekki á lausu. Þessu lauk með því að Fylkingin gaf út dreifirit og þessi að mestu sami litli hópur fór enn einu sinni að útbúa borða“.

Í dagblaðinu Tímanum, sem út kom skömmu eftir þjóðhátíð, birtist yfirlýsing frá framkvæmdanefnd Fylkingarinnar, undirrituð af Birnu Þórðardóttur, en Birna var ein þeirra, sem handtekin voru á Þingvöllum, þar sem hún hafði staðið að því að strengja upp borða við Peningagjá. Í yfirlýsingu þessari segir: „Á þjóðhátíðinni á Þingvöllum 28. júlí gerðist það, að 20 manns voru handtekin af lögreglu, flutt til Reykjavíkur og haldið fönngum allt að 5 klst. Tilefni handtökunnar var annars vegar dreifing á dreifiriti gegn bandarísku herstöðinni á Íslandi og veru landsins í NATO og hins vegar borðar með sams konar áletrunum. Að sögn lögreglunnar voru handtökurnar framkvæmdar að ósk þjóðhátíðarnefndar. Lögreglan kvað þjóðhátíðarnefnd bera því við, að engin utanaðkomandi dagskráratriði væru leyfileg á þjóðhátíðinni á Þingvöllum, en tilkynning um þetta hafði hvergi verið tilkynnt fyrirfram og því síður útskýring á, hvað slík tilskipun þýddi. Þarna voru aðrir hópar, svo sem trúarsöfnuðurinn Guðsbörn, dreifandi dreifiblöðum sínum allan dag þjóðhátíðarinnar og látin óátalin. Einnig var látin óátalin auglýsing fyrir Morgunblaðið, er blasti við augum manna á hátíðarsvæðinu.“

Í handtökum tuttugumeninganna felst því hrein skoðanakúgun, og með þeim hefur þjóðhátíðarnefnd skipað sér í raðir með forsvarsmönnum undirskriftar Varins lands, sem ekki virðist gera sér grein fyrir því, að tjáningarfrelsi er í landinu samkvæmt stjórnarskrá.“ Síðan mótmælir framkvæmdanefnd Fylkingarinnar harðlega þeim pólitísku ofsóknum, er þeir telja felast í ákvörðun þjóðhátíðarnefndar.

Fram er komið í málinu, að það er rétt, að trúarsöfnuðurinn Guðsbörn dreifði dreifiblöðum á þjóðhátíð. Lögreglan kveðst hafa haft einhver afskipti af þeim, en enginn var handtekinn í því sambandi.

Stefnandi hefur borið það fyrir dómi, að honum sé ekki kunnugt um, að þau, sem stóðu að uppsetningu borðanna á efri barmi

Almannagjár, hafi fengið til þess leyfi frá einhverjum aðiljum. Þá hefur hann skýrt svo frá, að eftir því sem hann best viti, þá hafi undirbúningur að þessari aðgerð þeirra verið sáralítill. Hann hafi aðeins heyrt, að þetta ætti að gerast. Hann mundi ekki, frá hverjum, sagði, að þetta hefði svona mest kvisast út meðal kunn-
ingja. Aðrir þeir, sem yfirheyrðir hafa verið og handteknir voru á Þingvöllum við áróðursaðgerðir gegn dvöl Bandaríkjahers á Íslandi og veru Íslands í NATO, hafa borið líkt um aðdraganda þessara aðgerða. Í yfirheyrslunum kemur fram, að kunnings-
skapur er á milli fólks, sem tók þátt í mismunandi aðgerðum, a. m. k. sumt vissi fyrirfram um aðgerðir annarra hópa, og skýrslur nokkurra bera þess greinileg merki, að þar er verið að
víkja sér undan að skýra greinilega frá undirbúningi aðgerðanna.

Fram hefur verið lögð skýrsla lögreglunnar í Reykjavík frá sunnudeginum 28. júlí 1974. Segir þar, að skýrslan varði hand-
töku fólks á Þingvöllum vegna áróðursborða, er það hafði uppi.

Skýrsla þessi er undirrituð af Jóni Péturssyni aðstoðarvarð-
stjóra. Hann kveðst ásamt fleiri lögregluþjónum hafa farið á
efri brún Almannagjár vegna áróðursborða, er þar voru komnir
upp kl. 1115 þennan dag. Borðar þessir hafi verið tveir og stórir
um sig. Á öðrum hafi verið áletrunin „Ísland úr NATO“ og á
hinum „Herinn burt“. Áletranir þessar hafi sést mjög greinilega
frá völlum fyrir neðan Lögberg. Síðan segir: „Er á staðinn
kom, var fyrir fólk, er hélt borðum þessum uppi, öðrum frammi
á gjárbrúninni, en hinum rétt ofar.“

Er ég undirritaður kom að fólki þessu, var ég kominn nokkru
á undan hinum lögregluþjónum, og kallaði ég þá til fólksins
skipun um að leggja frá sér borða þessa, þar sem okkur væri
uppálagt að fjarlægja þá.

Fólkið neitaði að verða við skipun þessari og kvaðst hafa fulla
heimild til að hafa borða þessa uppi og hafa uppi þann áróður,
sem því sýndist, samkvæmt stjórnarskránni og kvað allar að-
gerðir gegn sér algjört ofbeldi.

Ég undirritaður hafði því engin frekari orðaskipti við fólk
þetta, heldur fór að næsta manni við efri borðann og hrinti hon-
um frá og tók á borðanum til að ná honum úr höndum hinna, en
það streyttist á móti, en lét síðan undan, þegar við allir vorum
komnir á staðinn, og fylgdist það með okkur, samkvæmt skipun,
í lögreglubifreiðar, er biðu okkar við niðurgönguna í Almanna-
gjá.

Fólk þetta var síðar um daginn flutt til Reykjavíkur og fyrir

Guðmund Hermannsson, aðstoðaryfirlögregluþjón, sem tók af því skýrslur.

Engin átök áttu sér stað milli fólks þessa og lögreglunnar fyrir utan að togast var á um borðana. Greinilegt var, að það átti von á því, að borðarnir yrðu teknir af þeim, þar sem einn úr hópnum hafði bundið við sig annan borðann.

Ég undirritaður kom þarna fyrstur á staðinn, og var mér ljóst, að þarna gætu orðið alvarlegir atburðir, ef átök breiddust út milli fólks þessa og lögreglunnar, þar sem svo tæpt var staðið á gjárbarminum.“

Það fólk, sem þarna var handtekið, var Haraldur Guðbergs-son, Brekkustíg 7, Reykjavík, Þóra Jónsdóttir, Brekkustíg 7, Reykjavík, Örn Ólafsson, Sólvallagötu 33, Reykjavík, Einar Ólafsson, Bústaðavegi 51, Reykjavík, Einar M. Guðmundsson, Skriðustekki 12, Reykjavík, Ingibjörg Ingadóttir, Njálsgötu 75, Reykjavík, Már Guðmundsson, Kleppsvegi 84, Reykjavík, Ingi R. Kristinsson, Blesugróf 1 a, Reykjavík, Hafsteinn Jónsson, Vesturbergi 1, Reykjavík.

Jón Pétursson aðstoðarvarðstjóri hefur staðfest skýrslu sína fyrir dómi. Hann var að því spurður, hvort engin hætta hefði verið því samfara að hrinda manni þeim, sem hann kom fyrstur að, svo sem fram kemur í skýrslunni, og taldi hann, að það hefði ekki verið. Maður sá hefði verið það ofarlega. Hann var að því spurður, hvort einhver gróður væri þarna, sem fólkið stóð. Hann sagði, að sjálfsagt væri þarna einhver gróður, en ekki þar, sem fólkið stóð sjálft. Hann hélt, að þar væri berangur. Hann skýrði svo frá, að Magnús Einarsson hefði verið æðsti maður lögreglunnar, sem tók þátt í þessum aðgerðum.

Magnús Einarsson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni, hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að hann hefði verið við lög-gæslu á Þingvöllum þennan dag og hefði átt að sjá um lög-gæslu Almagnagjarmegin við Lögberg, á meðan á þingfundi stóð. Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn hafi verið yfirstjórnandi löggæslunnar. Þeir hefðu orðið varir við einhverja ókyrrð á fólki þarna. Hann hafi farið til Bjarka og Bjarki hafi beðið hann að fara upp á brúnina til að gæta að, hvað þarna ætti sér stað, og hafi hann farið þangað upp. Þegar hann kom á staðinn, hefðu verið lögreglumenn þar fyrir. Hann mundi ekki nákvæmlega, hvað þeir voru margir. Jón Pétursson hafi verið einn þeirra og ef hann myndi rétt, þá hafi Jón verið að togast á um borða við fólk, þegar hann kom á staðinn. Hann skýrði svo frá, að sér hefði ekki lit-

ist á, að þeir væru að togast á um borðana, lögreglumennirnir og fólkið, og hann hafi gefið skipun að taka upp kylfur. Það hafi verið gert. Engin átök hafi þó orðið þarna, nema togast var á um borðana. Átökin hafi hætt, þegar hann gaf þessa skipun. Hann kvaðst hafa orðið var við, að vera fólksins þarna á brúninni raskaði ró fólksins, sem var niðri við Lögberg.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þegar lögreglan kom á vettvang, hafi engin orðaskipti orðið. Þeir hafi bara þrifið í borðann. Hann kveðst ekki vita til þess, að nokkur hafi verið bundinn við þann borða. Einn lögregluþjónninn hafi þrifið í borðann, um leið og hann kom, án þess að nokkur orðaskipti yrðu. Þeir hafi ekki sleppt borðanum strax, en stuttur tími hafi liðið, þar til þeir gerðu það. Áður hafi hann heyrt hótanir frá lögregluþjónunum og þeir hafi einhverjir verið búnir að reiða upp kylfur eða taka þær upp. Engar ryskingar hafi orðið, eftir að þau slepptu borðunum. Þá skýrði stefnandinn svo frá, að einn lögregluþjónanna, sá, er sér hafi virst hafa orð fyrir þeim, hafi haft orð á því, að réttast væri að kasta fólkinu fram af brúninni. Síðar, þegar þau voru að ganga frá brúninni, hafi hann heyrt sama lögregluþjón segja, að ef hann hefði ekki verið einkennisklæddur, þá hefði hann látið verða að þessu. Hann segir, að sér hafi verið sagt, að lögregluþjónn þessi hétu Magnús Einarsson. Magnús Einarsson aðstoðarvarðstjóri hefur algerlega neitað þessum áburði. Haraldur Guðbergsson, einn þeirra, er handtekinn var þarna, hefur borið það fyrir dómi, að enginn orðaskipti hafi farið fram milli þeirra og lögregluþjónanna. Lögregluþjónarnir hafi einfaldlega komið þarna að og sá, sem hafi gefið sig út fyrir að vera fyrirliði, hafi sagt, að ef heyrðist múkk í þeim, ef þau hreyfðu sig, þá mættu þau eiga von á því að verða fleygt fram af hömrnunum. Hann var að því spurður, hvort þetta hefðu verið hans fyrstu orð, og sagði Haraldur: „Ja, fyrstu, það einasta sem greiptist í mann“. Haraldur kvaðst hafa staðið í lykkju annars borðans. Þetta hafi verið leið til að halda borðanum uppi, en ekkert í sambandi við lögregluna. Hann var að því spurður, hvort borðinn hefði verið laus frá honum, strax og lögregluþjónninn kippiti í hann, og hann svaraði: „Aðeins vegna þess að hann slitnaði.“

Ingibjörg Ingadóttir, ein hinna handteknu, var að því spurð fyrir dómnum, hvort lögreglan hefði beðið þau að taka borðana niður. Hún svaraði: „Ekki þegar þeir komu að mér, þá réðust þeir að okkur og skipuðu okkur“. Hún sagði, að er þau létu borð-

ana ekki lausa, hafi einn lögreglumannanna hótað að henda þeim í gjána. Hún var að því spurð, hvort það hefði verið strax áður en lögreglan tók borðana. Hún svaraði: „Ja, það var, held ég, eftir að þeir skipuðu okkur að láta hann lausan eða voru byrjaðir að taka í borðann. Og þegar þeir urðu ekki lausir strax, þá hótuðu þeir þessu.“

Af bjargbrúninni var fólkið fært í lögreglubifreiðar, en þaðan í rútu. Eftir að hafa beðið þar eitthvað, var það flutt til Reykjavíkur og þar á lögreglustöðina. Árni Sigurjónsson, fulltrúi lögreglustjóra, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi gefið fyrirmæli um að senda stefnanda og þá, er með honum voru handteknir, til Reykjavíkur. Hafi verið kallað til hans um talstöð og spurt, hvað ætti að gera við mennina, sem handteknir hefðu verið uppi á efri brún Almannagjár. Hann hefði svarað, að það skyldi senda þetta fólk til Reykjavíkur og niður á lögreglustöð. Ástæðan fyrir því, að hann gerði þetta, hafi verið sú, að allir lögreglumennirnir á hátíðinni hefðu verið mjög uppteknir. Þetta hafi verið hápunktur sjálfrar hátíðarinnar og hver maður fastur í sínu starfi og aðstaðan, sem þeir höfðu fengið í einhverju hesthúsi þarna lengra í burtu, hafi verið mjög ófullnægjandi. Það hafi því verið búið að ákveða fyrirfram, að engum skyldi haldið lengur en nauðsyn væri á Þingvöllum, heldur skyldi honum ekið til Reykjavíkur. Fyrirmæli hans hafi verið þau að fara með mennina til Reykjavíkur og láta Guðmund Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjón vita, en hann hafi verið hér í Reykjavík. Hann var að því spurður, hvort hann hafi gefið fyrirmæli um, hvað ætti að gera við fólkið, er til Reykjavíkur kæmi. Hann kvaðst engin slík fyrirmæli hafa gefið. Hann sagði, að auðvitað hefði verið nauðsynlegt að flytja fólkið til Reykjavíkur, þar sem búið var að handtaka það. Það hefði þurft að taka skýrslu af því og engin aðstaða hefði verið til slíks í hesthúsinu.

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hefur undirritað lögregluskýrslu, dags. 28. júlí 1974, varðandi yfirheyrslur vegna handtöku á Þingvöllum.

Guðmundur var við löggæslustörf á lögreglustöðinni í Reykjavík þennan dag. Í skýrslu hans segir: „Kl. 12.15 bárust þau boð frá yfirstjórn löggæslunnar á Þingvöllum, að fólk, sem hafði verið handtekið við dreifingu bréfa um herstöðvarmálið og með áletraða borða um brottför hersins, yrði flutt í lögreglubifreið til Reykjavíkur. Var mér tjáð um leið og ég var beðinn að taka skýrslur af þessu fólki, að aðstaða væri ekki fyrir hendi til að yfir-

heyra það í bráðabirgðahúsnæði lögreglunnar á Þingvöllum. Samtals tók ég á móti 19 manns til yfirheyrslu.“

Stefnandi var færður inn í dagbók lögreglustöðvarinnar kl. 1230 þennan dag, og kl. 1255 er nafn hans fært inn á spjaldskrá fangageymslunnar, en þar var hann hafður í haldi í einmenningsklefa til kl. 1440 þennan sama dag samkvæmt spjaldskránni. Kl. 1510 kemur hann fyrir Guðmund Hermannsson aðstoðaryfirlög-regluþjón, sem tekur skýrslu af honum. Í skýrslu þessari segir: „Einar kvaðst hafa verið handtekinn af lögreglumönnum fyrir að standa á barmi Almagnagjár með borða með áletruninni „Ísland úr NATO“ og kvaðst ekki hafa sýnt móttþróa við handtöku. Hann tók vel áminningu lögreglu og kvaðst ekki fara aftur á Þingvöll í dag. Hann taldi lögreglumenn hafa verið harðorða og að þeir hefðu tekið upp kylfu að ástæðulausu.“ Stefnanda var sleppt að skýrslutöku lokinni.

Guðmundur Hermannsson aðstoðaryfirlög-regluþjónn hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að stefnanda og öðrum þeim, sem handteknir voru með honum, hafi við yfirheyrslu verið skýrt frá því, hvers vegna þeir hefðu verið handteknir. Ástæðan hafi verið sú, að lögreglan hafi verið að halda uppi reglu á þessari þjóðhátíð og þar hafi ekkert átt fram að fara nema það, sem væri á dagskrá þjóðhátíðarnefndar. Auk þess hafi lögreglan talið, að vera stefnanda á efri brún Almagnagjár skapaði hættu.

Friðrik Hermannsson aðstoðarvarðstjóri, sem var á vakt á lögreglustöðinni þennan dag, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að stefnandi og það fólk, sem með honum var, hafi sýnt starfsmönnum lögreglunnar samvinnulipurð. Dómari og lögmenn aðilja fóru ásamt Friðrik Hermannssyni á lögreglustöðina og skoðuðu allar aðstæður þar.

Þann 9. ágúst 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður lögreglustjóranum í Reykjavík hraðbréf, þar sem lögreglustjóranum er tilkynnt, að hann muni gæta hagsmuna 19 manna vegna þess, sem lögmaðurinn kallar ólögsmæta og refsiverða handtöku og frelsissviptingu á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974, svo og líflátshótana af hálfu lögreglu. Í bréfinu fer lögmaðurinn fram á það, að honum séu send afrit allra þeirra skýrslna og gagna, sem lögreglan hafi í förum sínum vegna ofangreindra atburða, og það sé gert ekki síðar en miðvikudaginn 14. ágúst 1974.

Bréfi lögmansins er svarað þann 14. ágúst 1974 og þá sagt, að skýrslur um afskipti lögreglunnar af fólkinu 28. júlí 1974 hafi

allar verið sendar yfirsakadómaramum í Reykjavík til meðferðar.

Þann 20. ágúst 1974 skrifar Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttar-lögmaður ríkissaksóknara bréf, þar sem hann vitnar í bréf lög-reglustjórans frá 14. ágúst 1974 og fer þess á leit við ríkissak-sóknara, að honum verði sem allra fyrst látin í té ljósrit af gögn-um yfir fyrrgreinda atburði. Kemur fram, að lögmaðurinn telur, að ríkissaksóknara hafi borist þessi gögn frá yfirsakadómaramum í Reykjavík þann 16. ágúst 1974.

Þann 20. september 1974 sendi Ragnar Aðalsteinsson hæsta-réttarlögmaður fjármálaráðherra innheimtubréf, þar sem hann krefst skaðabóta fyrir stefnanda vegna ólögmeðrar handtöku á Þingvöllum 28. júlí 1974. Lögmaðurinn vitnar þar til þeirra bréfa, sem hér að framan eru rakin.

Ráðuneytið svarar þessu bréfi 24. september 1974. Þar kemur fram, að ráðuneytið telur þörf á mun ítarlegri upplýsingum um einstök atriði málsins, svo unnt sé að taka afstöðu til kröfugerðar stefnanda. Telur ráðuneytið óhjákvæmilegt, að skýrslur, sem það telur vera í vörslum yfirsakadómaramans í Reykjavík, svo og niður-stöður sakadómsrannsóknar verði fengnar ráðuneytinu í hendur.

Þann 26. september 1974 svarar lögmaðurinn bréfi þessu. Hann sendir jafnframt afrit af þessu svarbréfi sínu til ríkissaksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra. Kemur fram í bréfinu, að lög-maðurinn telur skýrslur þær, sem ráðuneytið sé að biðja um, í vörslu ríkissaksóknara. Hann vitnar til þess, að bréfi sínu til fjár-málaráðuneytisins hafi fylgt afrit af bréfi hans til ríkissaksókn-ara, dags. 20. ágúst 1974, þar sem hann sé að fara fram á að fá afrit af þessum skýrslum. Þessari beiðni hans hafi ekki verið sinnt. Lögmaðurinn segir í bréfinu, að sér sé ekki kunnugt um, að nokkur ákvörðun hafi verið tekin um opinbera rannsókn á háttsemi lögreglu og annarra þeirra, sem að frelsisskerðingum stóðu. Því sé ljóst, að uppgjör bótakrafna verði þegar að fara fram. 1/3 hluti fyrningartíma kröfu stefnanda sé þegar liðinn skv. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála og verði hann því að hefjast handa um málshöfðun sem allra fyrst. Hann skýrir að lokum svo frá, að hann muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar, en það sé bótakröfum þessum óviðkomandi.

Þann 30. september 1974 svarar fjármálaráðuneytið bréfi þessu. Í bréfinu bendir ráðuneytið á, að það geti ekki tekið afstöðu til bótaskyldu á þeim gögnum, sem það hafi í höndum. Þá er til þess vitnað, að lögmaðurinn segi í bréfinu, að stefnandi muni krefjast opinberrar rannsóknar og refsingar. Telur ráðuneytið, að

slík rannsókn muni hafa verulegt upplýsingagildi fyrir þann þátt málsins, sem að ráðuneytinu snúi. Þá er það skýrt tekið fram, að ráðuneytið muni ekki bera fyrir sig fyrningu í máli þessu.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður skrifar ráðuneytinu enn bréf þann 7. október 1974. Er þar tilkynnt, að stefnandi muni ekki geta beðið niðurstöðu opinberrar rannsóknar, þar sem ætla megi skv. reynslu, að það taki langan tíma. Síðan er það tilkynnt, að lögmaður muni bráðlega hefja undirbúning að höfðun einkamáls gegn fjármálaráðuneytinu og ríkissaksóknara skv. 3. tl. 154. gr. laga 74/1974. Þann 7. október 1974 skrifar lögmaðurinn dómsmálaráðherra bréf, þar sem vakin er athygli á því, sem fram kom í bréfaskriftum hans og fjármálaráðherra, að ein ástæða þess, að ekki sé unnt að leysa ágreining aðilja, sé sú, að hvorki hann né fjármálaráðherra hafi undir höndum skýrslu, sem lögreglan í Reykjavík tók af stefnanda. Þennan sama dag kærir lögmaðurinn til ríkissaksóknara vegna ólögmeðrar skerðingar á frelsi 20 umbjóðenda sinna á Þingvöllum hinn 28. júlí 1974. Þar með er talinn stefnandi.

Þann 18. október 1974 sendir Þórður Björnsson ríkissaksóknari yfirsakadómaramanum í Reykjavík bréf og þau gögn, sem eiga að hafa fylgt bréfi yfirsakadómara 15. ágúst 1974, um uppstillingu áróðursborða og dreifingu bréfa á þjóðhátíð á Þingvöllum 28. júlí 1974 og aðgerðir lögreglu af því tilefni. Segir í bréfinu, að af ákærvaldsins hálfu sé þess krafist, að mál þetta verði rannsakað fyrir dómi. Þá eru með bréfinu send þau skjöl, sem Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur sent embættinu. Þann 11. desember 1974 skrifar ríkissaksóknari yfirsakadómaramanum í Reykjavík enn bréf. Er þar vitnað í bréfið frá 18. október 1974. Þá er þar vitnað í bréf fulltrúa yfirsakadómaramans, dags. 4. desember 1974. Síðan er tekið fram í bréfinu: „Þess er krafist, að rannsakað verði ætlað brot hinna handteknu gegn lögum um náttúruvernd nr. 47 16. apríl 1971, einkum 19. gr., svo og ætlað brot þeirra gegn lögreglusamþykkt fyrir Árnæssýslu nr. 134 10. júlí 1939, einkum I. og V. kafla. Að sjálfsögðu ber að haga yfirheyrslum í samræmi við ákvæði 77. gr., 2. mgr., laga nr. 74/1974.“

Jafnframt er þess krafist, að rannsakaðar verði aðgerðir lögreglu af þessu tilefni og þá m. a. aflað vættis lögreglumanna og annarra, ef til eru um það efni.“

Samkvæmt upplýsingum stefndu mun sakadómaraembættið enn ekki hafa hafið þessa rannsókn, sem þarna er farið fram á.

Stefnandi byggir málshöfðun sína á því, að hann hafi ekki

framið neitt það, sem mælt sé ólöglegt með því að hafa uppi borða á efri barmi Almannaáttar 28. júlí 1974, enda hafi hann hvorki raskað einkahagsmunum né opinberum hagsmunum með því að hafa uppi fyrrgreindan borða. Þá heldur hann því fram, að hann hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem bótakrafa hans er reist á (sbr. 150. gr., 1. tl., laga 74/1974). Lögmælt skilyrði hafi brostið til aðgerðanna og þær hafi verið framkvæmdar á hættulegan, særandi og móðgandi hátt (sbr. 151. gr., 2. tl., laga 74/1974).

Þar sem engin opinber rannsókn sé hafin á hendur stefnanda, sé honum rétt að höfða þetta mál (sbr. 154. gr., 3. tl., laga 74/1974) og að hann eigi rétt til gjafsóknar skv. sama ákvæði. Óhjákvæmilegt hafi verið fyrir stefnanda að draga ekki málshöfðun vegna ákvæða 157. gr. laga 74/1974, enda hafi ósk hans um opinbera rannsókn í bréfi til saksóknara frá 7. október 1974 ekki verið sinnt, en þar hafi verið um að ræða kæru á hendur þeim, sem að frelsisskerðingunni stóðu.

Af hálfu stefndu er málsástæðum stefnanda algerlega mót-mælt. Telja þeir, að fullt tilefni hafi verið til handtökunnar, lögmælt skilyrði hafi verið fyrir hendi og að stefnandi hafi engum harðræðum sætt. Stefnandi hafi með framferði sínu sjálfur átt alla sök á aðgerðum lögreglu, þeim sem bótakrafan sé reist á, og verði málssókn hans því að teljast fráleit í alla staði. Stefndu leggja sérstaka áherslu á, að fullkomin samstaða hafi verið meðal allra stjórnmalaflokka á Alþingi og innan þjóðhátíðarnefndar um, að engum skyldi líðast að setja blett á þjóðhátíðina með að gera hana að áróðursvettvangi fyrir stefnumál sín. Þarna hafi verið um pólitískt vopnahlé að ræða. Einn aðili, „Fylkingin, baráttusamtök sósíalista“, hafi hins vegar virt öll grið að vettugi. Virðing fyrir helgi þjóðhátíðarinnar hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir freistingunni til að koma áróðri á framfæri við mannfjöldann, sem þarna var saman kominn. Þá sé þess að gæta, að áróðursefni Fylkingarfélaga hafi beinst að afstöðunni til Atlantshafsbandalagsins og bandarísku herstöðvarinnar hér á landi, því pólitíska ágreiningsmáli, sem viðkvæmast sé meðal þjóðarinnar. Ekkert málefni hafi verið líklegra til að koma af stað ólgu og æsingi meðal mannfjöldans en einmitt þetta og ógerlegt sé að segja, hvað af hefði leitt, hefði Fylkingunni verið leyft að halda þessu máli í sviðsljósinu á þjóðhátíðinni lengur en raun varð á. Þá benda þeir á, að aðgerðir Fylkingarmanna á Þingvöllum þennan dag beri glöggan vott um talsverðan undirbúning og skipulagningu af þeirra hálfu og ekki hafi verið um nein handahófs-

kennd vinnubrögð að ræða. Liðinu hafi verið skipt í hópa, þar sem hver hópur hafi haft ákveðið verk að vinna, auk þess sem áróðrinum hafi verið skipulega þannig fyrir komið, að hann næði augum sem flestra hátíðagesta. Skoða verði aðgerðir Fylkingarinnar í heild, en ekki eingöngu út frá atvikunum í sambandi við hverja einstaka handtöku, enda hafi verið um heildaraðgerðir Fylkingarinnar að ræða þennan dag og þáttur hvers einstaks liðsmanns aðeins einn þáttur í þeim.

Af þessum sökum hafi framferði stefnanda verið bæði siðferðilega og lagalega ámælisvert og ljóst sé, að opinberum hagsmunum hafi verið raskað, a. m. k. verulega ógnað. Í þessu sambandi er t. d. bent á 36. gr. stjórnarskrárinnar um, að enginn megi raska friði Alþingis. Bent er á, að stefnandi hafi neitað að verða við löglegum tilmælum lögreglu um að taka niður borðana og veitt síðan mótstöðu, er lögreglan vann skyldustörf sín, en þetta stríði gegn ákvæðum 12. kafla laga nr. 19/1940. Þá hafi ákvæði 13. kafla sömu laga verið brotin. Sama gildi um lögreglusamþykkt fyrir Árnassýslu, en ýmis fyrirmæli hennar hafi ekki verið virt. Auk alls þessa hafi fyrirmæli ýmissa opinberra aðilja, sem stjórnðu hátíðinni, verið að engu höfð. Af þessu leiði, að lögreglan hafi haft beina heimild til að handtaka stefnanda og hindra frekari aðgerðir af hans hálfu, en sú heimild felist m. a. í 1. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þá hafi lögreglan haft óbeinar handtökuheimildir, sem m. a. felist í ýmsum greinum lögreglusamþykktar fyrir Árnassýslu, einkum 1. kafla hennar. Ýmsar óbeinar valdbeitingarheimildir felist jafnframt í 34. gr. laga nr. 74/1974.

Þá vitna stefndu til 18. kafla laga nr. 74/1974. Vitnað er til þess, að skv. 150. gr. megi bætur því aðeins dæma, að almennum skilyrðum bótaskyldu, sem þar séu talin, sé fullnægt. Því fari fjarri, að svo sé hér. Þá er á það bent, að stefnandi hafi ekkert fjártjón beðið. Hann hafi ekki beðið nokkurn miska heldur. Enginn grundvöllur sé því til þess, að honum verði dæmdar bætur vegna aðgerða lögreglunnar. Af hálfu stefndu er þess sérstaklega getið, að ákvörðun varðandi handtökurnar hafi verið algerlega í höndum lögreglunnar sjálfrar og einskis annars aðilja. Hins vegar hafi lögreglunni að sjálfsögðu verið kunnugt um það, að þjóðhátíðarnefnd hafi fengið algert forræði á öllu því, sem fram skyldi fara á Þingvöllum þennan dag, enda hafi lögreglunni verið skylt að sjá til þess, að boðum og bönnum þess opinbera aðilja, sem stjórnaði hátíðinni, væri fram fylgt.

Álit dómsins.

Samkvæmt upplýsingum stefndu er dómsrannsókn sú, sem ríkissaksóknari krafðist 18. október 1974 vegna handtöku stefnanda o. fl. á Þingvöllum 28. júlí 1974, enn ekki hafin. Dráttur á því, að þessi rannsókn hefjist, er þegar orðinn slíkur, að krafa um hana ein út af fyrir sig verður ekki talin, sbr. 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974, koma í veg fyrir, að stefnandi fái úrlausn kröfu sinnar.

Þann 28. júlí 1974 fór fram þjóðhátíð á Þingvöllum samkvæmt fyrirfram boðaðri dagskrá. Fyrir hádegi þann dag hélt Alþingi hátíðafund á Lögbergi. Samkvæmt 36. gr. stjórnarskrárinnar er Alþingi friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi. Samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. júní 1974, bar lögreglustjóranum í Reykjavík í samráði við lögreglustjóran í Árnassýslu að skipuleggja og annast löggæslu á þjóðhátíð (sjá 6. gr. laga 56/1972).

Þjóðhátíðarnefnd og lögregla höfðu spurnir af því daginn fyrir hátíðina, að í ráði væri að hafa í frammi einhvern áróður á hátíðinni fyrir úrsögn úr NATO og brottför Bandaríkjahers. Málafni þetta hefur verið viðkvæmt deilumál og skipt þjóðinni í andstæðar fylkingar allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949. Þá hafði það verið sérstaklega í brennipunkti opinberrar umræðu fyrri hluta árs 1974 vegna áætlana ríkisstjórnarinnar um brottför hersins og undirskriftasöfnunar gegn þeim áformum. Málafni þetta var ekki á dagskrá á Þingvöllum. Framkvæmdastjóri þjóðhátíðarnefndar hafði rætt það við lögregluþyrirvöld, að slíkar aðgerðir samrýmdust ekki hátíðahöldunum. Samkvæmt 74. gr. stjórnarskrárinnar eiga menn rétt á að koma saman í friðsamlegum tilgangi, og verður að telja lögreglunni skylt að sjá svo um, að slíkir fundir, sem haldnir eru á lögmæltan hátt, megi fara fram ótruflaðir. Lögreglunni bar því að sjá um, að dagskrá hátíðarinnar gæti farið fram án truflana.

Frásögn blaðsins „Neista“ af undirbúningi áróðursaðgerða, yfirlýsing framkvæmdanefndar Fylkingarinnar, sem birtist í „Tímanum“ eftir þjóðhátíðina, og upphaf yfirlýsingarinnar, sem dreift var á Þingvöllum í nafni „Fylkingarinnar, baráttusamtaka sósíalista“, þykja sýna, að áróðursaðgerðir þær allar, sem leiddu til handtöku þriggja hópa fólks á Þingvöllum 28. júlí 1974, hafi verið sameiginlega undirbúnar og verða því að metast sem sameigin-

legar aðgerðir. Framburðir hinna handteknu hér fyrir dómi þykja styrkja þessa niðurstöðu.

Stefnandi tók þátt í þessum aðgerðum og stóð að því með fé-lögum sínum að hafa uppi borða á efri barmi Almannagjár, á meðan á fundi Alþingis stóð, og lét borðann ekki strax lausan, er lögregluaðgerðir hófust. Annar hópur dreifði áróðursmiðum meðal mannfjöldans um svipað leyti. Aðgerðir þessar voru til þess fallnar að hafa truflandi áhrif á fund Alþingis og allsherjar-reglu á hátíðasvæðinu og voru þannig í andstöðu við 36. gr. og 74. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 61. gr., 1. tl., 1. mgr., laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974, og með hliðsjón 106. gr. og 122. gr. laga nr. 19/1940 var lögreglunni þannig heimilt að handtaka stefnanda.

Samkvæmt 38. gr., 1. mgr., laga nr. 73/1973, nú nr. 74/1974, skulu lögreglumenn gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur því sem óhjákvæmi-legt er, eftir því sem á stendur. Annað er ekki fram komið en stefnandi og þeir, sem með honum voru handteknir, hafi eftir handtökuna hegðað sér í alla staði vel, bæði austur á Þingvöllum og hér á lögreglustöðinni. Þrátt fyrir það eru þau fyrst höfð í haldi í bifreiðum á Þingvöllum og síðan flutt á lögreglustöðina í Reykjavík og lokuð þar inni í fangaklefum hvert í sínu lagi. Stefnandi er þannig í haldi alls frá 1115 til a. m. k. kl. 1510, að hann kemur fyrir aðstoðaryfirlögregluþjón til skýrslugjafar, þar af er hann í einmenningsklefa frá kl. 1255 til kl. 1440. Skýrslur lögreglunnar um nauðsyn þess að flytja stefnanda til Reykja-víkur og til vistunar hans þar í fangaklefa eru ófullkomnar, m. a. um hvort hætta var á áframhaldandi áróðursaðgerðum hans. Er ósannað, að þörf hafi verið á frelsissviptingu svo lengi. Samkvæmt 151. gr., 1. tl., laga nr. 73/1973, nú laga nr. 74/1974, sbr. 150. gr., 154. gr. og 155. gr. sömu laga, ber að taka til greina kröfu stefnanda um miskabætur úr ríkissjóði. Við ákvörðun bóta ber að taka tillit til framferðis stefnanda, sem leiddi til handtök-unnar, en það var, eins og áður er sagt, eigi vítalaut. Með hlið-sjón af aðstæðum öllum þykja bætur til handa stefnanda hæfi-lega ákveðnar kr. 24.000 með vöxtum, eins og krafist er í stefnu.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Með hliðsjón af framlögðum reikningi, sem ekki hefur verið sérstaklega mótmælt, þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 45.000, þar af kr. 29.300 í talsmannslaun.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Ólafssyni, kr. 24.000 með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1979.

Nr. 141/1976. **Fjármálaráðherra og
ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
**Sveini Allan Morthens og
gagnsök**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Handtaka. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Sigurður M. Helgason borgarfégeti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. júlí 1976, að fengnu leyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/1973 hinn 7. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 50.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 28. júlí 1974 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gagnáfrýjandi hefur gjafsókn í máli þessu samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974.